

# STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 1989

---

21. júní 1989

553

Nr. 297

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 16,43 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 17,95 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 22. júní 1989.

*Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1989.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*